

Veiðifélag Laxár Aðaldal  
Laxamýri  
Norðurþing

Reykjavík, 24. október 2022  
UST202206-062/Þ.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - búsvæðagerð - Laxá í Aðaldal**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veiðifélags Laxár í Aðaldal, dagsett 6. júní 2022, með viðbótargögnum dagsett 1. september 2022, um búsvæðagerð fyrir laxaseiði í Laxá í Aðaldal innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt ákvæðinu skal Umhverfisstofnun leita umsagnar Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umráðamanna þeirra landareigna sem ekki eru í ríkiseigu. Jafnframt kemur fram í 4. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar að breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna á verndarsvæðinu eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þess, enda komi til sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að fara í framkvæmdir við Laxá í Aðaldal til að bæta hryggningar- og uppeldisskilyrði seiða í ánni. Framkvæmdinni er deilt niður á 5 ár og er ráðgert að hún hefjist haustið 2022 og ljúki haustið 2026. Stefnt er að því að setja út grjót og mól á 60-70 stöðum í ánni á þessu tímabili. Með umsókn fylgdu loftmyndir af þeim jörðum sem framkvæmdin nær til sem sýnir nákvæma staðsetningu hvar efninu verður komið fyrir í ánni og ásamt upplýsingum um magn efnis. Ráðgert er að setja út 6-8 rúmmetra á hverri staðsetningu. Einungis er sett út efni á hvern stað einu sinni á þessu tímabili. Efnið í ár kemur úr grjóti sem mokað var úr lónum Laxárvirkjunar og mölin úr efnisnámu úr Skjálfandafljóti. Framkvæmdartími er áætlaður á tímabilinu 10.-20. júní og eftir 20. september ár hvert. Samkvæmt gögnum umsækjanda munu framkvæmdir fara fram innan jarðanna Árbót, Haga, Hólmavað, Jarlstaðir, Kjölur, Knútsstaðir, Laxamýri, Nes, Núpar, Tjörn og Ytrafjall. Að verkinu koma 2-4 starfsmenn og verða vörubílar notaðir til að flytja efnið á framkvæmdarstað. Vörubílum verður ekið á slóðum eða á ræktarlandi að ánni.

***Umsagnir:***

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 655/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 13. júlí 2022 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn barst þann 13. júlí 2022. Í umsögninni kemur fram að ekki er gerð athugasemd við framkvæmdirnar í ánni en mikilvægt sé að huga að því að efni verði ekki tekið úr nærumhverfi árinna, þar er átt við að 200 metrum frá bökkum meðfram ánni og gervigígum verði ekki raskað.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 22. júlí 2022. Í umsögninni Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telji að áætluð framkvæmd geti reynst mikilvæg aðgerð við að styrkja búsvæði laxfiska í Laxá og vega upp neikvæð áhrif Laxárvirkjunar. Fara þarf varlega við allt inngrip inn í Laxá og umhverfi hennar og mikilvægt er að flutningur á grjóti út í Laxá valdi ekki óásættanlegu raski á bakkagróðri eða jarðminjum við Laxá þar sem það á við. Einnig þarf að velja framkvæmdatíma sem er utan viðkvæmra tíma fyrir lífríki t.d. ekki á varptíma fugla.

Umsagnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands var aftur óskað 16. september 2022 eftir að umsækjandi skilaði inn viðbótargögnum. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 19. september 2022. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að þau telji ekki ástæðu til að breyta fyrri umsögn sinni. Markmið aðgerðarinnar eru jákvæð en sannarlega þarf að fara mjög varlega við allt inngrip í Laxá og umhverfi hennar. Þetta eru óneitanlega frekar margir staðir sem stefnt er að því að keyra vörubíl upp að og losa mól/grjót. Er þörf á svo mörgum stöðum? Það þarf sérstaklega að huga að raski á gróðri og jarðvegi þar sem áætlað er að vörubíll fari nokkrum sinnum á sama svæðið (fleiri losunarstaðir hlið við hlið).

Umsagnar landeigenda Árbótar, Haga, Hólmavaðs, Jarlstaða, Kjöls, Knútsstaða, Laxamýri, Nes, Núpar, Tjörn og Ytrafjalls var óskað 16. september 2022. Umsagnir Haga, Hólmavaðs, Jarlstaða, Kjölur, Knútsstaðir, Laxamýri, Nes og Núpar bárust á tímabilinu 16.-20. september 2022. Í umsögnum þeirra kom fram að þeir geri ekki athugasemdir við framkvæmdina eða samþykkja hana. Umsögn landeigenda Árbótar barst 19. september 2022. Í umsögn landeigenda kemur fram að þeir heimili ekki flutning á mól og grjóti í Laxá í þeirra landi. Landeigendur Tjarnar og Ytrafjall skiluðu ekki inn umsögn.

***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á svæðið, raska ásynd vatnsborðs eða farvegi árinna. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgjast vel með seiðapéttleika í ánni fyrir og eftir aðgerðir til að meta gagnsemi framkvæmdarinnar. Framkvæmdir gætu haft neikvæð tímabundin áhrif á bakkagróður til skamms tíma en sé farið eftir skilyrðum leyfis er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Akstur vörubifreiðar á svæðinu getur haft neikvæð áhrif á ásynd svæðisins að mati Umhverfisstofnunar vegna hættu á jarðraski fari aksturinn fram á tímum þar jarðvegur er viðkvæmur eða farið um óröskuð svæði. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að takmarka neikvæðu áhrifin sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Tímabilið 1. maí til 20. júlí ár hvert er talið vera viðkvæmur tími fyrir fuglalíf á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar munu framkvæmdir á tímabilinu 10.-20. júní hafa neikvæð áhrif á fuglavarp við ána. Umhverfisstofnun metur áhrifin tímabundin rétt á meðan framkvæmd fer fram en hægt sé að takmarka neikvæðu áhrif

framkvæmdarinnar með því að færa framkvæmdartímamann og hún fari fram fyrir 1. maí og eftir 20. júlí ár hvert.

**Niðurstaða og skilyrði:**

Í umsögn landeigenda Árbótar kemur fram að þeir heimili ekki flutning á mól og grjóti í Laxá á sínu landi. Umhverfisstofnun getur því ekki veitt Veiðifélaginu Laxá í Aðaldal leyfi til framkvæmda innan jarðarinnar Árbótar.

Umhverfisstofnun synjar beiði Veiðifélagsins Laxár í Aðaldal um leyfi til framkvæmda á svæðinu á tímabilinu 10.-20. júní ár hvert. Varp fugla er viðkvæmt fyrir truflunum á þessum tíma árs og hætt við að framkvæmdinn muni hafa neikvæð áhrif á varp.

Umhverfisstofnun veitir Veiðifélagi Laxár í Aðaldal fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan jarðana Haga, Hólmavaðs, Jarlstaða, Kjöls, Knútsstaða, Laxamýri, Nes, Núpar, Tjörn og Ytrafjalls innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 24. október 2022 til 30. september 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst ár hvert.
- **Framvæmdir skulu ekki fara fram á varptíma fugla, 1. maí -20. júlí ár hvert.**
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst með að minnsta kosti viku fyrirvara ár hvert. Skal þá skilað inn upplýsingum um hvaða staðsetningar efni verður losað á, hvaðan efnið kemur og hvenær ráðgert er að framkvæmdum ljúki það ár.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vörubílum með mól og grjót að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Fylgja skal slóðum sem fyrir eru eftir því sem kostur er. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum ár hvert.
- Óheimilt er að keyra önnur farartæki utan vega vegna framkvæmdarinnar en vörubílnum sem flytur efnið.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega ár hvert að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Óheimilt er að raska bökkum Laxár í tenglum við framkvæmdina.
- Óheimilt er að raska gervigígum í tenglsum við framkvæmdina.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir, sbr. XV. kafli laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun bendir að einnig þarf að fá leyfi allra landeigenda umræddra jarða fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála skv. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindarmála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústdóttir  
*forstjóri*

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
*sérfræðingur*